

Aðalstjórn Völsungs

13.8.2019

Vallarhús

kl. 16:30

Mætt: Bergþóra Höskuldsdóttir, Heiða Elín Aðalsteinsdóttir, Hallgrímur Jónsson, Jóna Björk Gunnarsdóttir, Lilja Friðriksdóttir, Davíð Þórólfsson, Björgvin Sigurðsson og Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri.

1. Viddi frá Puma kemur á fundinn

Viðar Valsson f.h Puma á Íslandi kemur á fundinn. Fyrir fundinum liggur tveggja ára samkomulag um að Völsungur skipti yfir í vörur frá Puma.

Fyrirliggjandi tillaga að samning samþykkt samhljóða. Framkvæmdastjóra Völsungs veitt umboð til að skrifa undir samninginn fyrir hönd Völsungs.

2. Starfshópur um endurskoðun laga félagsins frá aðalfundi

Á aðalfundi Völsungs sem haldinn var 11.7.2019 var samþykkt að skipa starfshóp sem fengi það hlutverk að endurskoða lög félagsins. Að neðan má sjá tillöguna sem samþykkt var á aðalfundi félagsins. Aðalstjórn var falið að finna þrjá félagsmenn í hópinn.

Aðalstjórn Völsungs leggur til að skipuð verði þrjú manna starfshópur til að endurskoða lög félagsins. Starfshópurinn skal leggja tillögur að lagabreytingum fyrir aðalfund Völsungs árið 2020. Þá skal starfshópurinn halda að lágmarki einn opin fund þar sem tillögur að lagabreytingum verða kynntar félagsmönnum og þeim gefin kostur á að koma með athugasemdir og ábendingar til starfshópsins. Miðað skal við að fundurinn sé haldin eigi síðar en í lok febrúar 2020.

Athugasemdir:

Tillaga aðalstjórnar snýr einkum að því að hvernig skipað er í aðalstjórn Völsungs sem og deilda félagsins. Samkvæmt núgildandi lögum er öll starfsemi Völsungs á ábyrgð aðalstjórnar og því mikilvægt að samskipti og upplýsingaflæði milli deilda og aðalstjórnar séu góð. Ekki er ofsögum sagt að aðalstjórn veit ekki alltaf hvað er um að vera innan deilda félagsins en það er bagalegt þar sem ábyrgðin liggur á endanum hjá aðalstjórn. Til að styrkja samskipti og upplýsingaflæði milli deilda og aðalstjórnar mætti hugsa sér að inn í aðalstjórn kæmu allrir formenn deilda til viðbótar við þá sem kosnir eru á aðalfundi félagsins. Ýmsar leiðir eru færar til að styrkja samstarf aðalstjórnar og deilda Völsungs en starfshópsins er að greina þær leiðir.

Þá liggur fyrir að erfitt hefur verið að finna formann svo hugsanlega þarf að breyta því fyrirkomulagi hvernig formaður er kosinn. Ýmiss félagasamtök takmarka setutíma hvers formanns við td. 2 ár en einnig mætti hugsa sér að deildir félagsins skipti með sér að skipa formann aðalstjórnar.

Mikið af nýju og kraftmiklu fólki er að koma inn í félagið sem og samfélagið almennt og því ágætt að fara í vinnu sem þessa og fá fram tillögur og áherslu fólks á því hvernig Völsungur skal starfa og dafna áfram.

Framkvæmdastjóri tekur að sér að heyra í þremur aðilum útfrá umræðum á fundinum.

3. Samninganefnd við Norðurþing

Samstarfssamningur Völsungs við Norðurþing rennur út um áramót. Hefja þarf samningaviðræður að nýju um áframhaldandi samstarf.

Bergþóra Höskuldsdóttir, Hallgrímur Jónsson, Björgvin Sigurðsson ásamt framkvæmdastjóra eru skipuð í samninganefnd fyrir hönd Völsung.

4. Fundardagar aðalstjórnar

Eftirfarandi eru fundartímar aðalstjórnar fram að áramótum

Funartímar aðalstjórnar á haustönn

Ágúst

Þriðjudagurinn 13. ágúst klukkan 16:30

September

Fimmtudagurinn 12. september klukkan 16:30

Fimmtudagurinn 26. september klukkan 16:30

Október

Fimmtudagurinn 10. október klukkan 16:30

Fimmtudagurinn 24. október klukkan 16:30

Nóvember

Fimmtudagurinn 7. nóvember klukkan 16:30

Fimmtudagurinn 21. nóvember klukkan 16:30

Desember

Fimmtudagurinn 5. desember klukkan 16:30

Fimmtudagurinn 19. desember klukkan 16:30 (síðasti fundur fyrir jólafrí)

5. Tafla í höllinni

Sendur var út póstur á deildir föstudaginn 9. ágúst þar sem beðið var um óskir frá deildum á tímum í íþrótthöllinni.

Stefnt verður á að gera drög að töflunni á næstu dögum og halda í framhaldinu töflufund með fulltrúm deilda.

6. Blakdeildin kom á fundinn kl: 17:15

Erla Bjarnadóttir mætti fyrir hönd blakdeildarinnar á fund aðalstjórnar.

Erla fór yfir stöðuna á blakdeildinni og starf vetrarins.

7. Mfl knattspyrna kom á fundinn kl: 18:00

Sigmar Stefánsson, Sóley Sigurðardóttir, Ingvar Dagbjartsson, Víðir Svansson og Jóhann Gunnar Sigurðsson mættu á fundinn og ræddu málefni meistaraflokka í knattspyrnu.

Farið yfir mál meistaraflokka.